

GJALDSKRÁ

fyrir meðhöndlun úrgangs í Vestmannaeyjabæ.

1. gr.

Gjaldskrá þessi er í samræmi við ákvæði 1. og 2. mgr. 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og sett að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Hún er í samræmi við samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Vestmannaeyjum nr. 761/2006.

2. gr.

Gjald fyrir íbúðir:

Sorphreinsun á íbúð 16.502 kr. á ári.

Sorpeyðingargjald á íbúð 38.526 kr. á ári.

Grunngjald á lögðila: 31.157 kr. á ári.

Heiti	kr. pr./m ³	Skýring
Óflokkaður blandaður rekstrarúrgangur	20.160	Óflokkaður úrgangur, t.d. lífrænn úrgangur blandaður rekstrarúrgangi
Blandaður rekstrarúrgangur	13.440	Almennt sorp, veiðarfæri, spillt endurvinnsluefni
Lífrænn úrgangur	3.839	Ómengaður lífrænn úrgangur (ekkert plast eða utanaðkomandi, sláturúrgangur er undanskilinn v/beina)
Ólitað timbur	3.839	Bretti - ómálað timbur
Litað timbur	6.400	Gagnvarið, málað, spónlagt o.fl.
Óvirkur úrgangur (urðun)	3.839	Gler, jarðvegur, steypubrot
Endurvinnsluefni	0	Pappi, plast, hjólbarðar, málmar, landbúnaðarplast, raftæki
Garðaúrgangur	0	Gras, trjágreinir, lauf
Annað		Samkvæmt tilboði
Spilliefni		Samkvæmt gjaldskrá móttökustöðva (Efnamóttakan)
Sóttmengaður úrgangur		Samkvæmt tilboði

Öll verð eru án virðisaukaskatts.

Grunngjald skal innheimta af öllum lögðilum, þ.m.t. útgerðum, einyrkjum, þeim sem eru með rekstur í heimahúsi og af heimagistiþjónustu.

Undanþegin grunngjaldinu eru þó félagasamtök án skrifstofu, og fyrirtæki sem ekki eru í rekstri. Álag á pressað sorp skal vera 100%. Heimilt er að innheimta kostnað vegna umframmeðhöndlunar á úrgangi frá úrgangshafa, gjöld vegna þessa skulu ekki vera hærri en sem nemur raunkostnaði vegna umframmeðhöndlunar.

Undanþegnar magngjaldtöku eru bifreiðar sem bera úrvinnslugjald.

3. gr.

Hægt er að nálgast flokkunarreglur á heimasíðu bæjarins www.vestmannaeyjar.is/sorp. Allar upphæðir eru án virðisaukaskatts.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af bæjarstjórn Vestmannaeyja 21. desember 2016, staðfestist hér með, skv. 5. mgr. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá um meðhöndlun úrgangs í Vestmannaeyjabæ nr. 286/2016.

Vestmannaeyjum, 21. desember 2016.

Ólafur Þór Snorrason framkvæmdastjóri.